

3. gr.

36

Í stað orðanna „stýrimaður eða vélstjóri“ í 2. málsg. 41. gr. laganna komi: stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður. 27. júní

4. gr.

Á eftir 48. gr. laganna komi ný grein, er verður 49. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því):

Það er skylda loftskeytamanns einkanlega að annast gæzlu loftskeytataækjanna. Hann ber ábyrgð á rekstri þeirra, meðferð og viðhaldi.

Sé umbúnaði loftskeytataækja, uppsetningu þeirra eða öðrum frágangi á einhvern hátt ábótavant, að álit loftskeytamanns, skal hann tafarlaust tilkynna það skipstjóra.

Loftskeytamaður heldur sérstaka dagbók og ábyrgist, að rétt sé ritað.

5. gr.

Í stað orðanna „stýrimaður eða vélstjóri“ á tveim stöðum í 1. málsg. 64. gr. laganna komi: stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður.

6. gr.

Í stað orðanna „stýrimenn og vélstjóra“ í 70. gr. laganna komi: stýrimenn, vélstjóra og loftskeytamenn.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

37

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip. 27. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Framan við 3. gr. laganna bætist ný málsg., er svo hljóðar:

Ríkissjóður leggur Samábyrgðinni stofnfé, kr. 500000.00, er greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 10 árum, 50 þúsund kr. á ári.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.